

Terra Umhverfisþjónusta hf.
Berghella 1
221 Hafnarfjörður

11. nóvember 2025
UOS2501509/K.G.

Efni: Skrifborðseftirlit þann 25. september 2025

Þann 25. september sl. fór fram skrifborðseftirlit í Terra Umhverfisþjónusta hf.. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Í framhaldi af eftirliti og samskiptum Umhverfis- og orkustofnunar við rekstraraðila er lögð áhersla á að Terra komi sér upp skýru og samræmdu verklagi sem tryggir reglulega og rekjanlega framkvæmd í eftirfarandi þáttum:
 1. Skil á umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) árlega.
 2. Reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði, svo sem sand- og olíuskiljum og söfnunarþróum.
 3. Sýnatöku og vöktunarmælingar á frárennslisvatni samkvæmt starfsleyfi.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2024 var skilað seint. **Gögnin bárust umhverfis- og orkustofnun þann 7. nóvember 2025. Fráviki er lokið**
2. Vöktunarmælingum var ekki skilað innan tilskilins frests (fyrir 1. okt). **Gögnin bárust Umhverfis- og orkustofnun þann 13. október 2025. Fráviki er lokið**
3. Engar skráðar verklagsreglur fyrir viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði. **Rekstraraðili hefur komið sér upp verklagi. Fráviki er lokið**

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits